

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 245/2016

2018/EES/56/30

frá 2. desember 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/472 frá 31. mars 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 72/2010 að því er varðar skilgreininguna „skoðunarmaður framkvæmdastjórnarinnar“⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lið 66hc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2007/72) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við:

„, eins og henni var breytt með:

- **32016 R 0472**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/472 frá 31. mars 2016 (Stjtíð. ESB L 85, 1.4.2016, bls. 28).“

2. Í stað aðlögunartexta b) kemur eftirfarandi:

„Eftirfarandi bætist við 2. mgr. 6. gr.:

Eftirlitsstofnun EFTA getur kallað til innlenda úttektarmenn sem eru á lista aðildarríkja ESB, auk úttektarmanna sem framkvæmdastjórnin hefur ráðið til starfa.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/472, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 85, 1.4.2016, bls. 28.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.